

Áfangalýsing		
ADFE3HF05FH Framsetning og kynning Námsgrein: Aðferðafræði	Einingar 5	Hæfniprep 3
Lýsing Í áfanganum flétta nemendur saman aðferðum og þekkingu á ólíkum miðlum við framsetningu á eigin efni. Nemendur flokka og skoða samhengi verkefna sinna. Áhersla er á skapandi vinnu, persónulega nálgun og sjálfstæð vinnubrögð þar sem nemandi getur valið ólíkar leiðir í framsetningu eigin viðfangsefna. Unnið er með uppsetningu verkefni í tölum, skilning á táknmáli lita, formum, myndbyggingu og letri.		
Forkröfur: ADFE3HF05EH		
Þekkingarviðmið Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: - aðferðum við að þróa eigin verk með tilliti til framsetningar og kynningar - fjölbreyttri útfærslu verkefna - tengingu viðfangsefna við táknmál lita, myndbyggingu, form og letur - aðferðum við að þróa og tengja saman hugmynd og verklega framkvæmd		
Leikniviðmið Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: - setja fram eigin verkefni - kynna verk sín og rökstyðja - miðla verkefnum á fjölbreyttan hátt - nota fjölbreyttar aðferðir við framsetningu verkefna - vinna sjálfstætt og á persónulegan hátt		
Hæfniviðmið Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: - velja á milli aðferða við framsetningu og kynningu verkefna - einfalda og draga ályktanir í vinnu sinni - þróa persónulega sýn í verkefnavinnu - sýna ábyrgð og sjálfstæði í vinnubrögðum - taka þátt í gagnrýnum umræðum um eigin verk og annarra - miðla verkefnum á fjölbreyttan hátt		
Námsmat Námsmat er skilgreint í námsáætlun í samræmi við skólanámskrá og nánar útfært í verklagsreglum skólans sem birtar eru í gæðahandbók.		
Grunnþættir og lykilhæfni Í skólanámskrá Tækniskólans má sjá hvernig grunnþættir menntunar og lykilhæfni fléttast inn í allt nám og starf í skólanum. Áfangalýsingar eru nánar útfærðar í námsáætlunum og þar kemur fram hvernig grunnþættirnir fléttast inn í námið í viðkomandi áfanga.		